

FRÁSÖGN

af fundi stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins í Helsinki 23. nóvember 2018

Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins sóttu fundinn Rósa Björk Brynjólfssdóttir, formaður, og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, varaformaður og formaður laga- og mannréttinda-nefndar Evrópuráðsþingsins, auk Bylgju Árnadóttur alþjóðaritara. Fundurinn var haldinn í Helsinki en Finnland fer með formennsku í Evrópuráðinu um þessar mundir. Á dagskrá var viðurkenning táknaðs sem opinbers tungumáls, líknandi meðferð sem mannréttindi og frjáls för erlendra námsmanna í Evrópu.

Liliane Maury Pasquier, forseti Evrópuráðsþingsins, setti fundinn og ræddi meðal annars um tillögur þingskapanefndar um breytingar á þingsköpum, sem lagðar voru fram á októberfundi þingsins en vísað var aftur í nefnd. Forseti sagði frá því að skýrslan og ályktunardrögin yrðu á dagskrá þingskapanefndar á fundi nefndarinnar í desember. Einnig ræddi nefndin mögulega um nýja túlkun á núverandi þingsköpum í ljósi ákvæða stofnsáttmála Evrópuráðsins. Bent hefði verið á að samkvæmt stofnsáttmála ættu öll aðildarlönd rétt á að kjósa dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, framkvæmdastjóra og mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins. Maury Pasquier sagði að það væri allra hagur ef nefndin kæmist að samkomulagi um túlkun þingskapa á þann veg að svipting atkvæðisréttar landsdeilda næði ekki til þessa kjörs. Forseti sagðist einnig stefna að auknum samskiptum og samvinnu við ráðherranefnd Evrópuráðsins á næsta ári.

Timo Soini, utanríkisráðherra Finnlands og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, kynnti áherslur finnskra stjórnvalda meðan á formennsku landsins í Evrópuráðinu stendur. Soini ítrekaði mikilvægi Evrópuráðsins fyrir íbúa aðildarríkjanna, alls 830 milljónir manna, því að ráðið væri verndari mannréttinda, réttarríkisins og lýðræðis. Evrópuráðið stæði frammi fyrir brýnum verkefnum sem sneru að þátttökuréttindum á Evrópuráðsþinginu og fjárhagsvanda í kjölfar þess að Rússar héldu eftir aðildargjöldum sínum til ráðsins. Soini sagði finnsk stjórnvöld mundu gera sitt besta til að stuðla að uppbyggilegum samræðum sem gætu leitt til lausna á deilum Evrópuráðsins við Rússa. Nauðsynlegt væri hins vegar að ráðast í allsherjarumbætur og endurskoðun á rekstri ráðsins og þar vildu Finnar einkum huga að kjarnastarfsemi ráðsins. Helsta áherslufni Finna í formennsku Evrópuráðsins yrði því styrking mannréttindastarfs ráðsins, Mannréttindadómstólsins og sáttmála um mannréttindi og réttarríkið. Einnig mundu Finnar leggja áherslu á jafnrétti kynjanna og aukið gagnsæi og báráttu gegn hatursorðræðu. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir spurði ráðherrann hvort einhver umræða hefði verið um það á vettvangi ráðherranefndarinnar að önnur aðildarríki Evrópuráðsins hækkuðu aðildargjöld sín til að standa undir rekstri ráðsins á meðan deilan við Rússa stæði yfir. Soini sagðist mundu hvetja Rússa til að standa við skuldbindingar sínar en benti á að Evrópuráðið ætti við víðtækari rekstrarvanda að etja. Nauðsynlegt væri að taka ákvarðanir um hvert ráðið ætti að stefna og forgangsraða starfinu. Tiny Cox, þingmaður frá Hollandi, spurði ráðherrann hver hans skoðun væri á mögulegri nýrri túlkun á þingsköpum Evrópuráðsþingsins. Með því að koma í veg fyrir að hægt væri að svipta landsdeildir kosningarrétti við kjör dómara og framkvæmdastjóra væri helsta ágreiningsefni Evrópuráðsþingsins og Rússa leyst. Soini sagði nauðsynlegt að reyna eitthvað nýtt og sagðist opinn fyrir öllum hugmyndum. Rósa Björk Brynjólfssdóttir bað Soini að greina nánar frá fyrirætlunum Finna varðandi báráttu gegn auknum popúlisma og hatursorðræðu. Soini, sem var leiðtogi stjórnmalaflokksins Sannra Finna í 20 ár, sagðist vel að sér um popúlisma. Átök hefðu alltaf fylgt stjórnmalunum en að á síðustu árum hefði orðræða orðið harðskeyttari og oft grafið undan mannréttindum pólitískra andstæðinga, ekki síst á samfélagsmiðlum. Nú ættu stjórnmalamenn í auknum mæli í höggi við öfl sem vildu þurrka út núverandi stjórnmalakerfi. Mikilvægt væri að stjórnmalamenn tækjust á á siðmenntaðan hátt.

Anna Rurka, forseti Ráðstefnu frjálsra félagasamtaka hjá Evrópuráðinu (e. Conference of the INGOs), kom á fund stjórnarnefndar og kynnti starf samtakanna. Rurka benti á að úttektir samtakanna á lagaumhverfi frjálsra félagasamtaka hefðu sýnt fram á neikvæða þróun í Póllandi og Rúmeníu. Hún hvatti þingmennina til að nýta sér útgefið efni frá samtökunum.

Á fundi stjórnarnefndar var samþykkt einróma ályktun um að vernda táknmál og hefja það til virðingar. Í ályktuninni kallaði þingið eftir því að aðildarríki viðurkenndu táknmál sem opinbert tungumál og tryggðu heyrnarlausum börnum menntun á táknmáli. Einnig voru aðildarríki hvött til þess að styðja við táknmálstúlkun í sjónvarpi og tryggja túlkun í opinberri þjónustu. Enn fremur var kallað eftir því að aðildarríki Evrópuráðsins tryggðu heyrnarlausum grundvallarrétt til atvinnu, menntunar, aðgengis að heilbrigðisþjónustu og þátttöku í stjórnmálum. Í tilmælum til ráðherranefndarinnar, sem einnig voru samþykkt einróma, var kallað eftir stofnun vinnuhóps um stöðu og vernd táknmála í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Rósa Björk Brynjólfssdóttir tók til máls í umræðum og sagði frá því að táknmál hefði verið viðurkennt sem opinbert tungumál á Íslandi árið 2011. Ekki væri þó nóg að viðurkenna táknmál formlega sem opinbert tungumál heldur þyrfti pólitískan vilja til að styðja við táknmál. Hún hvatti alla viðstadda til að vinna ályktuninni brautargengi í sínum heimaþingum.

Stjórnarnefnd samþykkti einnig ályktun um breytt vinnulag í aðdraganda kjörs dómara við Mannréttindadómstól Evrópu. Í ályktuninni kemur fram að hafna skuli tilnefningum frá aðildarríkjum Evrópuráðsins þegar ekki öll dómaraefni sem tilnefnd eru uppfylli kröfur sem gerðar eru til dómara. Einnig skuli tilnefningum hafnað ef ferli tilnefningarinnar í heimalandinu uppfyllti ekki lágmarkskröfur um gagnsæi og sanngirni eða ef ekki var haft samráð við ráðgjafarnefnd sérfræðinga um dómaraefni við Mannréttindadómstólinn.

Í ályktun um þverfaglega og líknandi meðferð í Evrópu hvatti þingið aðildarlönd Evrópuráðsins til þess að viðurkenna líknandi meðferð sem mannréttindi og innleiða hana í heilbrigðiskerfi sitt. Einnig var kallað eftir því að aðildarríki fjarlægðu hindranir við notkun verkjastillandi lyfja í líknandi meðferð og styddu við aðstandendur og umönnunaraðila langveikra. Í ályktun um frjálsa för námsmanna um Evrópu eru aðildarríki hvött til að stuðla að slíkum hreyfanleika námsmanna milli landa. Þannig njóti námsmenn, háskólar, atvinnurekendur og ríki góðs af aukinni fjölbreytni og fjölbæfni. Einnig kallaði þingið eftir því að aðildarríki auðvelduðu erlendum námsmönnum að öðlast starfsreynslu í kjölfar náms og að dvelja áfram í námslandinu eftir nám.

Liliane Maury Pasquier, forseti Evrópuráðsþingsins, kynnti á fundinum niðurstöður rannsóknar á kynferðislegri áreitni og ofbeldi í þingum Evrópu. Rannsóknin var unnin í samstarfi Alþjóðáþingmannasamtakanna og Evrópuráðsþingsins og þátttakendur voru 123 þingkonur og kvenkyns starfsmenn þinga í 45 Evrópulöndum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að 85% þeirra þingkvenna sem tóku þátt í rannsókninni höfðu upplifað kynbundið andlegt ofbeldi í starfi. Um fjórðungur þingkvennanna og 40% starfskvenna þinga höfðu upplifað kynferðislegt ofbeldi í störfum sínum. Maury Pasquier sagði að í lýðræðisríkjum þyrftu þing að vera fyrirmyndarstofnanir og staðir þar sem konur og karlar gætu unnið saman á grundvelli jafnréttis, virðingar og öryggis. Hún hvatti alla þingmenn Evrópuráðsþingsins til að taka þátt í vitundarvakningu í þeim tilgangi að breyta hugarfari fólks og binda enda á refsileysi í þessum málaflokkum. Evrópuráðsþingið þyrfti að senda skýr skilaboð um að kynferðisleg áreitni og kynbundið ofbeldi væri einfaldlega óásættanlegt. Í þeim tilgangi, og í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, hleypti forseti af stökkunum herferð á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #NotInMyParliament. Paula Risikko, forseti finnska þingsins, ávarpaði einnig fundinn og lýsti ánægju sinni með framtak Maury Pasquier. Hún sagðist vera stolt af því að taka þátt í herferðinni og benti á að finnska þingið hefði framkvæmt eigin rannsókn á kynbundnu ofbeldi og kynferðislegri áreitni innan þingsins.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.assembly.coe.int.